

Nd.

228. Breytingartillögur

[22. mál]

við frv. til 1. um námslán og námsstyrki.

Frá Ragnari Arnalds og Einari Olgeirssyni.

1. 2. gr. orðist svo:

Stefnt skal að því í jöfnum áföngum á fjórum árum, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. Við útreikning á námskostnaði ber jafnframt að taka tillit til þess, ef námsmaður hefur fjölskyldu á framfæri sínu.

2. 12. gr. orðist svo:

Nú nægir það ríkisframlag eigi, sem ákveðið hefur verið, til þess að mæta fjárþörf sjóðsins á því fjárhagsári, og er þá stjórn sjóðsins heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, að taka innanlands lán í hönkum eða öðrum lánastofnunum með tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins til þess að endurlána námsmönnum. Lánasjóður íslenskra námsmanna stendur straum af afborgunum af lánum þessum, en ríkissjóður greiðir af þeim vexti.

Eigi má sjóðsstjórnin lána meira fé úr sjóðnum en svo, að sjóðurinn geti staði straum af afborgunum af lánum þeim, sem tekin verða samkvæmt lögum þessum, svo og af þeim lánum, sem þegar hafa verið tekin til starfsemi hans.